Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 21. ágúst 1899 (A. nr. 12, bls. 66—67).

Lög um dag- og nœturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska, og um ráðstafanir, er skip rekast á, undirskrifuð af konungi 9. september 1899 (A. nr. 13, bls. 68—69).

Lög um viðauka við lög 13. apríl 1894 um vegi, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 14, bls. 70—71).

Lög um breyting á 48. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 15, bls. 72—73).

Lög um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1896—1897, undirskrifuð af konungi 22. s. m. (A. nr. 16. bls. 74—77).

Fjáraukalög fyrir árin 1896 og 1897, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 17, bls. 78—81).

Fjáraukalög fyrir árin 1898 og 1899, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 18, bls. 82—85).

Lög um breytingar á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 19, bls. 86—87).

Lög um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl., undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 20, bls. 88—89).

Lög um aðflutningsgjald á tóbaki, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 21, bls. 90—93).

Auglýsing 106

um pest í Portúgal

Samkvæmt 2. gr. laga 17. desbr. 1875, um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, og í tilefni af opinberum skýrslum um pestkynjaðan sjúkdóm er hjermeð ákveðið, að fyrirmælum nefndra laga, sbr. lög nr. 32 frá 18. desbr. 1897, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá höfnum í Portúgal. Ennfremur er bannað, samkvæmt lögum 24. október 1879, 3. gr., að flytja með þessum skipum til Íslands brúkað lín, föt og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökraull, afklippur af pappír, hár, húðir og ávexti. Lín föt og sængurfatnað, er menn flytja sem ferðafatnað frá greindum höfnum, skal hreinsa undir umsjón af hálfu hins opinbera.

Reykjavík, 9. septbr. 1899.

Fyrir hönd ráðgjafans fyrir Ísland.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

13. dag október 1899.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.